

Sp.

189. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun laga um lögræði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir dómsmálaráðherra að skipa nefnd þriggja sérfróðra manna til að endurskoða lög nr. 60 14. nóv. 1917, um lögræði, einnig með sérstöku tilliti til andlega og líkamlega vanheils fólks, er nauðsyn ber til að ráðstafa gegn vilja þess, enda sé þess vandlega gætt, að skerða ekki frjálsræði slíks fólks meira en minnst verður komið af með til að firra það sjálft eða aðra hættum af vanheilindum þeirra.

Endurskoðun laganna verði lokið svo tímanlega, að frumvarpið verði lagt fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Það er nokkuð almennt álit lögfræðinga, að lög in um lögræði hafi upphaflega ekki verið nógu vandlega samín. Eru þess líka mörg dæmi, að ýmis ákvæði þessara laga hafa reynzt lítt framkvæmanleg, og þurfa þau því gagngerðra breytinga við.

Að nokkrum ágöllum þessara laga er t. d. vikið í greinargerð frumvarps, sem nú er fram komið á Alþingi, um vernd barna og ungmenna, með þessum orðum:

„Í þessu sambandi þykir ástæða til að benda á, að ákvæði laga nr. 60 1917 um sviptingu sjálfræðis og fjárræðis eru mjög ófullkomin. Þannig vantar í lög in ákvæði um, hverjir eigi að hefjast handa um sviptingu sjálfræðis manns, og hvaða meðferð slík mál skuli hlíta í héraði. Auk þess eiga ákvæði laganna ekki alls kostar við, þegar fávitar, geðveikir menn, ofdrykkjumenn og eiturlyfjaneytendur eiga í hlut.“
Þessi ummæli eru fyllilega á rökum reist.

En við lög in, eins og þau eru nú, er margt fleira að athuga: Maður er t. d. haldinn bráðum eða smítandi sjúkdómi, en hann fæst ekki af fúsum vilja til að láta leggja sig í sjúkrahús. Þá þarf þess með að svipta hann sjálfræði. Um það verður samkvæmt gildandi lögum að fá úrskurð héraðsdómara. Stefnuvottar skulu birta honum úrskurðinn. Úrskurðinn skal enn fremur birta í Lögbirtingablaðinu. Einnig skal innrita hann í þinglýsingarþókinu og lýsa honum síðan í heyranda hljóði á varnarþingi þess, sem sjálfræði var sviptur. Ef viðkomandi maður, sem lögræði er sviptur, á fasteign eða skrásett skip eða rekur atvinnu, sem getið er í verzlunarskrá, þá skal þinglýsa úrskurðinum um lögræðissviptinguna á varnarþingi fasteignar eða skips og bóka athugasemd um hann í verzlunarskrána. Allar ráðstafanir ósjálfráða manns eru ógildar o. s. frv., o. s. frv.

Undan slíkum ósköpum hörfa flestir, hversu brún sem sjálfræðis- eða lögræðissviptingin er. — Hvað á líka öll þessi auglýsingastarfsemi að þýða? Hvers vegna þarf endilega að gereyðileggja tiltrú slíks manns almennt? Getur hann ekki verið fyrirmynd annarra manna um góða reglu, skilvísí og háttþryði í viðskiptum? Jú, vissulega. — Mörg fleiri dæmi mætti tilfæra til þess að sýna fram á, hversu fráleit, ómannúðleg og ómöguleg þessi lagaákvæði eru í framkvæmdinni, en þess ætti ekki að gerast þörf. Þetta liggur í augum uppi, og hér er ekki fram á annað farið en að færir sérfræðingar — lögfræðingar og læknar — verði til þess valdir að koma lagaákvæðum um þessi viðkvæmu efni í hóflegu og hnitmiðaðra form. Ætti það vissulega að geta tekizt, og áreiðanlega munu allir alþingismenn vilja gera sitt til, að þarna verði bót á ráðin.